

Land og Skógur
Gunnarsholt
851 Rangárþing Ytra

Reykjavík, 29. maí 2024
UST202405-191/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Lands og skógar, dagsett, 22. maí 2024, um leyfi til rannsókna innan Vatnsfjarðar.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 96/1975](#). Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til uppsetningar á rannsóknarreit innan friðlandsins. Mælingar færu fram í reitnum á 5 ára fresti. Kort sem sýnir mögulegar staðsetningar reitsins fylgdi með umsókn. Nánari staðsetning fer eftir aðstæðum á svæðinu. Ef hnika þarf til reitnum þá verða hnit að réttri staðsetningu reitsins send á Umhverfisstofnun. Reiturinn verður afmarkaður með tréhælum í hverju horni og miðjuni og plathæl til hliðar við reitinn. Grafin verður 30 cm djúp hola með handverkfærum til að mynda jarðlög. Torfinu verður rist af í heilu lag, jarðvegi mokað upp á dúk og jarðvegur greindur og mældur. Að því loknu verður fyllt aftur upp í holuna og torfið lagt yfir til að fela skurðinn. Ekki er gert ráð fyrir sýnatöku. Að verkefninu kæmu 3 aðilar og er ráðgert að reiturinn verði lagður út 9. júlí 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins sé farið að skilyrðum leyfisins. Fyrirhuguð staðsetning reitsins er utan þeirra svæða sem flestir gestir svæðisins fara um.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Landi og skógi fyrir sitt leyti leyfi fyrir jarðraskinu tengt rannsókninni innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu.
- Sé vöktunarverkefninu hætt skulu merkingarnar fyrir reitina fjarlægðir.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.

Ef rannsóknaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir rannsóknaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Edda Kristín Eiríksdóttir
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur